



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ ADRAR STJÓRNUR 67. TBL. 14. ÁRG. JÚNÍ 1991



*Hegðunar- eða lífcrnið væði getur ekki orðið viðunandi fyrr
en hin nauðsynlega þekkingarundirstaða er fundin.*

(Vidm.)

Ingvar Agnarsson:

Risasólin rauða og bjarta sólin bláa


(Sjá forsíðumynd)

Víða í geimi má sjá rauðar jötunsólir og eru slíkar mjög athyglisverðar fyrir ýmissa hluta sakir. Áður var haldið að hér væri um ungar stjörnur að ræða, en nú telja stjörnufræðingar fullvíst að þær séu komnar vel til ára sinna og séu á síðustu stigum þróunarferils síns. Hafi þær brennt upp vetnisforða sínum að mestu, en hafi að því loknu þanist út ákaflega og viðhaldi nú varmaorku sinni með samruna þyngri frumefna.

Listamaður sá, sem gert hefur meðfylgjandi mynd hugsar sér stjörnu **Zeta Aurigae** (í Ökumannsmerki), sem er ein sú allra stærsta sem þekktist. Væri sól okkar í henni miðri, mundi yfirborð hennar ná út fyrir umferðarbraut Mars. Zeta Aurigae er tvístirni. Fylgisólin er afarheit bláleit sól, mjög miklu bjartari en okkar. Listamaðurinn hugsar sér útsýni til þessara tveggja sólna, frá einhverri reikistjörnu (trúlega óbyggðri), sem gangi á braut alllangt utan við risastjörnuna rauðu.

Litir stjarna eru breytilegir og fara þeir eftir hitastigi þeirra. Bláar og bláhvítar stjörnur eru heitastar, þar næst hvítar, þá gular, eins og okkar sól. Rauðar stjörnur hafa minnstan yfirborðshita.

Sýndarbirta og litir stjarnanna fara bæði eftir hitastigi þeirra og stærð, en sýndarbirtan ekki síst eftir fjarlægð þeirra frá okkar sólkerfi.



Jafnvel með berum augum má sjá litamismun stjarna.

Mjög oft kemur það fram á miðilsfundum hjá Félagi Nýalssinna, að framliðnir menn, — sem nú eiga heima í öðrum sólhverfum, — lýsi útliði sólna og stjarna, frá þeirra hnöttum séð. Eftir frásögnum þeirra að dæma eru sólir þeirra með mismunandi litblæ: rauðleitum, gulum, bláleitum o.fl. Eru þær lýsingar mjög í samræmi við það, sem stjörnuskoðendur hér á jörðu sjá með þeim tækjum, sem menn hafa nú fullkomnust gert sér, til könnunar á stjörnum geimsins.

Þorsteinn Guðjónsson:

Á miðilsfundi árið 997

Völuspá er innblásið kvæði, ort á miðilsfundi eða eftir fund, og tilgáta Sigurðar Nordals um að skáldið hafi skilað verki sínu í Haga á Barðaströnd sumarnótt eina árið 997 er jafnskemmtileg og hún er sennileg. Og þó það væri nú ekki endilega þessi bær og atvikin þar sem gáfu kvæðinu umgjörð, virðist erfitt að ætla því annan aldur en þennan. Völuspá má kalla trúvarnarrit ásatrúarinnar gegn hinum aðsteðjandi kristindómi. Hún er innblásið rit — því hver yrkir svo nema í guðmóði — og að því leiti hliðstæð Sólarljóðum en miklu síður Passíusálmum og allra síst Lilju Eysteins, sem er kerfisbundin útlistun.

En hvað er það sem hægt er beinlínis að benda á sem rök fyrir því að kvæðið sé innblásið? Það er umfram allt þetta, að saga heimsins og goðanna er sögð, ekki í eigin nafni skáldsins, heldur **hennar**: „það man **hún**“, „sér **hún** þar vaða“, „nú mun **hún** sökkvast“ (og enn oftar). Þetta er aðaleinkenni. Skáldið er að segja frá því sem völvan veit (og einkum sér), ekki því sem hann veit sjálfur, þó fróður sé. Þetta hafa þeir vitað, sem best hafa kunnað um kvæðið að tala. En þó skal lengra haldið.

Menn hafa veitt því athygli að atburðasagan gerist í Völuspá öll í goðheimi, ekki eitt atvik er þar úr mannlegu lífi, örnefni eða mannsnafn, það er allt „hinum megin“, þarna sem sumir halda að alls ekkert sé, en aðrir gera sér hinar fráleitustu hugmyndir um, eins og andaheim, þunnt efni, 4.—11. vídd, geðheim, andefni, svart gat o.s.frv. „Þeir eru komnir með nýjan andaheim“, segir Sveinn Haraldsson við mig í hvert skipti sem slíkt kemur upp. En hann er oftast nær á undan mér að taka eftir því.

En þarna „hinum megin“ er það sem völvunnar er að leita: skáldið sér hana í huga sér. Og svo er það sem kemur

alveg heim við þessa tilgátu og fyrirfram mátti gefa sér eftir henni, að sumar vísurnar segja ekki aðeins „hún“ heldur einnig „ég“ (Ek) — og eru það sum máttugustu erindin, „Ek sá Baldri, blóðgum tívur .. örlög fólgin“. Sambandið verður svo náð milli skáldsins og sambandsgjafa hans, völunnar, að um samvitund er að ræða: „ég er hún“.

Skáldið, sem orti Völuspá, var ekki aðeins á miðilsfundum, heldur var hann sjálfur miðill. Hann var karlkyns, en hann var samsála konu á öðrum hnetti, sem var vitni að og vissi skil á hinum geigvænlegustu viðburðum, sem þar voru að gerast, ragnarökum og „harmi Hlínar“ einum og öðrum, sem margt mætti um rita, en ekki verður reynt við hér. Fyrst er að vita það sem mestu máli skiptir, en það er að sambandið á sér stað. Hnettir farast með mannkynjum sínum, ef ekki er vitað, og þess vegna er völunni svo mikið í mun við þá Barðstrendinga, þegar hún segir: „Vitið þér enn — eða hvað?“

Enn nokkur orð

Að fást við „útmálun helvítis“ hefur ekki verið mín list hingað til, enda hygg ég að mönnum hafi farnast einna best hér á landi á meðan þeir trúðu sem minnst á þann stað — en sú vantrú er talin hafa stafað mest frá þeim séra Matthíasi Jochumssyni og séra Páli Sigurðarsyni í Gaulverjabæ — báðum til hins hæsta heiðurs, ef rétt er. En þó að þagað hafi, hefur mér verið nokkru kunnugra um slíkt en látið hef uppi. Meðal hins allra helvítlegasta sem ég veit hér á jörð eru þessi kynferðisafbrot gagnvart börnum, sem manni skilst að Alþingi ætli að láta óátalin, með því að setja ekki þau lög sem nauðsynleg eru til þess að hindra slíkt. Ef þingmenn væru spurðir yrðu svörin líklega á þá leið að þetta sé ekki hægt því að ekki séu lög gegn slíku á hinum Norðurlöndunum. En þetta er engin röksemd. Vandí fylgir vegsemd hverri og ábyrgð fylgir þingmennskunni. Ég vildi geta óskað þingmönnum annars en þess að bera ábyrgð á lagaleysi sem þessu — þó að tíminn sé naumur og annirnar miklar.

Tíminn 20. 02. 1991

Þorsteinn Guðjónsson:

„Alspryngið“

Ég fór á fyrirlestur með kunningja mínum, og er naumast í frásögur færandi, en umræðuefnið ætti þó samkvæmt öllum líkum að vera frásagnarvert: Upphaf alheimsins. Fyrirlesarinn var að góðu kunnur, einn hinn fróðasti maður á sínu sviði, enda var þéttsetinn salurinn og góð skipun á öllu. Það kom fram hjá honum, að alheimur ætti að þýða eingöngu það, sem náð verður til með hinum öflugum tækjum, sem þessi öld hefur búið stjörnufræðingunum í hendur. Allt, sem menn vilja hugsa sér umfram þetta, sé best að láta eiga sig. En þar lenti fyrirlesarinn þó í dálítlum vanda, því að meðal þessa ókannanlega er einmitt hvellurinn sjálfur, sem hann og margir aðrir hafa ætlað að vera upphaf alls.

Dálítil galli á þessum ágæta fyrirlestri fannst mér það, að orðið sem notað er um hið mikla upphaf, er heldur sviplaust og leiðinlegt: Miklihvellur, og vil ég leyfa mér að nefna hér annað orð bragðmeira, **Alspryngið**. Er það myndað dálítið eftir stíl Jóns Guðmundssonar lærða (um 1600), en það hefur löngum verið umdeilt, hvort sá maður ætti að teljast lærður eða ekki lærður.

Tvenn rök nefndi ræðumaður fyrir því að alspryngið hafi átt sér stað: „Bakgrunns-geislunina“, „örbylgjukliðinn utar öllu“, sem þeir Wilson og Penzias uppgötvuðu fyrstir árið 1965, og kemur úr öllum áttum jafnt, ennfremur vetrarbrautadreifinguna um geiminn, sem er nokkurn veginn aljöfn um allan geim. Síðara atriðið kemur þeim ekki svo mjög á óvart, sem lesið hafa kvæðið Ýmir (Ymir) eftir Einar Benediktsson. En þar er það kyrrðin og auðnin og sorgin, en ekki hávaðinn, sem er hið elsta stig. Einhvern veginn hefur mér alltaf virst sem alspryngiskeningin væri afkvæmi hávaðaaldar. Georg Gamow, einn helsti hvatamaður hennar,

var hávaða-sinni og tamdi sér styrjaldarsamlíkingar. — Það man ég úr alþýðuvísindabókum þess tíma að Gamow talaði þar um einskonar frumplasma, sem átti að hafa verið til „allra fyrst“, kallaði hann það „ylem“ og sagði vera úr fornensku (engilsaxnesku). En þar skjátlaðist honum, því að ekkert slíkt orð er til í því máli, og munu aðrir leggja minna upp úr þeirri villu en ég geri. Ég hygg að mál og hugsun sé hvort öðru háð, á hærra stigi en margir hafa ætlað, hugsun verður að orða, ef hún á að geta orðið varanleg. Og orð Rasmusar Rasks um það, að best verði hugsunin á íslensku, standa enn í fullu gildi, jafnvel þótt komið væri að heims-slitum.

Maður hvíslaði að mér þessari spurningu: „Hvar og hvenær varð alspryngið?“ — Þeirri spurningu hefur enginn svarað.

Mbl. 06. 12. 1989

Jón P. Haraldsson:

Leitin að uppruna alheims

Í Morgunblaðinu þann 6. desember síðastliðinn, er lesendabréf um „Alspryngið“, þar er talað um fyrirlestur, sem vakti mikla hrifningu Þorsteins Guðjónssonar og kannski hefur erindið verið gott og vel flutt, en Þorsteini finnst þó ástæða til að vanda um við „lesara“ út af einu orði, — það er „Miklihvellur“. Ekki tek ég það svo nærri mér, því málið snýst ekki um það, heldur hvað var í upphafi! Ef það var eitthvað sem sprakk, þá var það til á undan sprengingunni sjálfri, — því annars hefði ekkert sprungið. Í gömlum indverskum fræðum er þetta betur orðað, þar segir: „Ein var sú kvika, sem hreyfðist án samhljóms né fylgis við aðra, í eilífu tómi, sem þrýsti henni svo og þrengdi að hún



Úr Astronomy eftir dr. Robert Maddeson bls. 123.
Sýn til Stóru „Sverðþokunnar“ í Orions-merki. Fjarlægð um 1500 ljósár.

hlaut að springa, þá varð kærleikspörfin til og krafðist ljóssins, og sköpunin hófst og aðskildist efra og neðra, að ofan kom frjóvgun og undir varð ræting og vöxtur.,,

En annað finnst mér athyglisverðara, sem fyrirlesarinn mun hafa sagt „að alheimurinn væri það eitt, sem við næðum að mæla og skynja með nútíma tækni og þar fyrir utan væri ekkert, sem væri þess vert að leggja hugann að“. Ekki get ég fallist á þá hugmynd, því var ekki í eina tíð sagt að ekkert væri fyrir utan sjóndeildarhringinn og stjarnfestinguna? Hvað höfum við þá lært síðan? Sjóndeildarhringurinn hefur að vísu stækkað örlítið og enn segjum við: þar fyrir utan er ekkert, hvílik framför! nei, það er ekki til að hæla sér af, eða gera þann mann að spekingi sem þetta mælir, hann er hugmyndasnauður og vanmegnugur að skilja annað en það eitt, sem hann getur þreifað á.

Enn höfum við ekki séð langt út fyrir þá vetrarbraut, sem við tilheyrum og þó vitum við að ótal slíkar eru til, sem við þekkjum ekki nema af ágiskunum, sem við drögum af takmarkaðri þekkingu á okkar eigin sólkerfi og nánasta nágrenni þess.

En þó leitinn að uppruna alheimsins hafi alltaf leitað á huga mannsins, þá er hann enn jafn fjarri vitund okkar og endirinn, og á því sviði og mörgum öðrum hefur okkur ekkert farið fram.

Mín hugmynd er sú að úti í ómælisvídd alheimsins séu ótal aðrar vetrarbrautir með okkur óupphugsandi breytileika og tilverum, sem okkur muni varla nokkru sinni óra fyrir og það líf sem við þekkjum þroskaðast er þá gjarnan mjög lágþróað í samanburði við það, sem þar mætti finna, — kannski er þar „Örbylgjukliðurinn“. En þar er fyrst og fremst friður, en engin sprenging eða hvellur. Þar er almættið, hvað sem upphafinu líður, því eilífdin er án upphafs og án endis og við munum aldrei skilja þau rök, en þaðan fljúga fegurstu hugmyndir um hug okkar og gefa lífinu það gildi sem það hefur best upp á að bjóða, því ekkert erum við af sjálfum okkur, við þurfum ekki að miklast yfir neinu.

Mbl. 19. 12. 1989

Þórður Halldórsson frá Dagverðará:

Konan fagra og lífmagnaða

Eitt sinn var ég staddur undir Búlandshöfða. Það var orðið áliðið og ég sat undir geysiháu bergi. Allt í einu veiti ég því athygli, að stórkostlega fögur kona gengur í áttina til mín. Ég hef aldrei séð aðra eins fegurð og var bergnuminn. Hún var í afskaplega sérkennilegum kjól. Litinn hafði ég aldrei séð og í ofanáhlaupið var hann allt að því gegnsær. Ég var djöfullega búinn, í úlpugarmi, skítugur og órakaður. Ég kastaði kveðju á konuna og hún svaraði kveðju minni vel og segir: „Má ekki bjóða þér upp á hressingu?“ Ég hélt nú það og hún gengur af stað og ég elti. Hún stefnir beint á bergið og þegar við erum komin upp að því, sé ég dyr. Við göngum inn og þar opnast mér heimur, sem erfitt er að lýsa. Ég var staddur í ævafögru herbergi. Fyrir enda þess var gyllt háseti og þar setur hún mig niður á fínan stól. Síðan ber hún mér eðalvín og kræsingar, svo gómsætar að ég hef aldrei smakkað annað eins. Ég fylltist af orku og krafturinn var meiri en ég hef fundið. Þegar ég var orðinn mettur, kom hún til mín og fór með mig afsíðis, þar sem hún sýndi mér breiðan og ríkulegan legubekk. Ég varð að gera það sem hún sagði mér. Það var ekki þorandi annað, enda kunni ég því svo sem ekki illa.

Brot úr samtali við Þórð Halldórsson frá Dagverðará á Snæfellsnesi, 85 ára og frásögnum hans í dagblaðinu Tímanum, 19. des. 1990.

Ingvar Agnarsson:

Stefna lífsins og réttur draumaskilningur

Draumur er vökureynsla annars manns og berst sofandanum fyrir fjarhrif. Meðan á draumi stendur samsálast hinn sofandi maður hér, draumgjafanum, þeim sem draumurinn stafar frá og venjulegast er íbúi annarrar jarðstjörnu í öðru sólhverfi. Í flestum tilvikum veit hvorugur af þessu sambandi meðan á því stendur.


Þetta samband gefur dreymandanum möguleika á að kanna lífheima annarra hnatta.

Draumsambandið er oftast svo náíð, að draumþeganum finnst hann vera sjálfur gerandinn í draunnum og þessvegna var það í raun einhver mesta uppgötvun, sem gerð hefur verið á jörðu hér, að átta sig á eðli draumlífsins og skilja að dreymandinn er ekki gerandinn í draumi, heldur annar maður. Hér varð að hafa hlutverkaskipti, frá því sem áður hafði verið haldið og einmitt þessi nýi skilningur gæti leitt til algjörrar stefnubreytingar á högum mannkynsins, ef þeginn væri og hagnýttur í þágu lífsins. Hann er fyrsta skrefið til nýs heimsskilnings, fyrsta skrefið til nýrra vísinda, sem fela í sér meiri breytingar til bóta en nokkurn gæti, að órannsökuðu máli, órað fyrir. Um er að ræða skilninginn og uppgötvunina á alsambandi lífsins í alheimi, skilninginn á því að allt líf á öllum hnöttum er tengt órofa fjarhrifaböndum.

Við jarðarbúar verðum — vitandi vits — að leita sambanda við lengra komnar vitverur annarra mannkynja, til þess að hin sanna lífstefna gæti komist á, á jörð okkar. Lífgeislasambönd er hér um að ræða, sambönd er gætu aukið

okkur vit og góðvild. Og Íslendingar hafa öllum öðrum þjóðum betri skilyrði til að koma á bættum samböndum við lengra komna vini, því meðal Íslendinga var hin brautryðjandi uppgötvun gerð og boðuð þjóðinni. Henni ber því að leiða þetta mál fram til sigurs, sjálfri sér og öllum öðrum þjóðum til blessunar. Hér er um að ræða breytingu slíka að leiða mundi til heimshvarfa slíkra til almennrar farsældar langt umfram það, sem nokkru sinni áður hafa verið möguleikar á í sögu heimsins. Ísland yrði þá í sannleika „farsælda frón“ , og allar þjóðir heims mundu vakna fagnandi við hina nýju dögum. Skuggar vítis mundu þá hverfa en birta hins sanna lífs renna upp um alla jörð.

Timinn 72 1990



„Draumar vísa leið til stjarnanna.“ (P.G.)

Þorsteinn Guðjónsson:

Glæta í myrkri

Annar Sjöstirnis-draumur

Sjá „Glæta í myrkri“ í Lífgeislum nr. 66, bls. 48.

Í annarri grein segir af fyrri *Sjöstirnis*-draumi S.H. en nú kemur þetta:

Sveinn Haraldsson hringdi 03.06.91 og sagði mér þennan draum nýdreymdan: Honum þótti hann vera á ókunnuglegum stað, tengdi þó eitthvað við Úlfsstaði í Borgarfirði; var þarna maður nýkominn úr langferð um ýmis lönd, og hafði sá maður komist nærri hinum „ystu mörkum“ einhverjum, þar sem auðnir voru, ömurlegt og myrkt; einnig á þeim stað hafði konnuður þessi haldið vöku sinni og tekið myndir af stjörnuhimninum eins og hann var þaðan að sjá, og var nú kominn heim með feng sinn úr ferðinni. Þarna þótti honum Þorsteinn á Úlfsstöðum vera, gamall nokkuð, en þó með myndavél í hendi.

Þetta segi ég nú lauslega eftir sögn Sveins, og mundi þó varla láta fara lengra, ef ekki hefði borið annað til, sem mönnum mun þykja því meira til um sem þeir hafa áttað sig betur á draumnum sem lífstarfsleiðslu, það er draumakenningu Nýals. Hjá *Sveini* birtir þarna skyndilega til, og hann fer að sjá, eins og með fullri meðvitund og sem í vöku væri. Hann horfir út í stjörnubjarta nótt, og þykist þekkja þar *Sjöstirnið*, sér það blika í heiði eða bera við bládjúp, ekki lágt og ekki hátt á norðurhimni sem honum þótti vera, ...uns hann vaknar af þessum draumi.

Ég væri ekki að segja frá þessu, ef það væri einungis til að „staðfesta“ á einhvern hátt skilning okkar á eðli drauma. Að vísu er það mjög mikils virði að skýr skynjun kemst í gegn, frá draumgjafa í öðru sólhverfi, hingað sem myrkur

fáfræðinnar umlykur á allar hliðar. En þarna er nokkuð að gerast sem mér virðst geta haft sérstaka þýðingu.

Gerum ráð fyrir, samkvæmt kenningunni, að manna-byggð þessi, og draumgjafi Sveins, sé til á einhverri jörð, og að það sé einmitt Sjöstirnið sem sá hafði fyrir augum. Gerum ráð fyrir, að hér liggi fyrir „bein athugun á nátt-úrinni“. Út frá þessum „forsendum“ (orð sem ég nota sjaldan og með mestu aðgát) er ályktunin örugg: Sólhverfi draumgjafa Sveins er á því geimsvæði þar sem Sjöstirnið er sjáanlegt sem lítil stjörnuþyrping líkt og hér. (Ég spurði Svein um stærð þessarar þyrpingar sem hann sá, en hann taldi hana hafa verið líka á stærð og Sjöstirnið er hér. En það er með öðrum orðum: *nokkurn veginn* á sömu slóðum í geimnum og við erum, og engan veginn meir en í 1000 ljós-ára fjarlægð héðan. Þetta er bein ályktun, að þessu marki.

Líklegt þykir mér hins vegar, að sólhverfi þetta sé á enn nálægara svæði, og að þessi draumur standi á einhvern hátt í sambandi við leit okkar Nýalssinna að „föstum punktum“, það er ákveðnum sólhverfum, sem víslega væru þau sömu sem stjörnufræðingarnir greina frá og kortleggja hér á nálægu geimsvæði. Tækist slíkt, og ég tala nú ekki um ef athuganir bærust oft frá slíkum stöðvum, væri miklum áfanga náð. Ég ætla að leyfa mér að nefna þetta sólhverfi, sem Sveinn hefur nú tvívegis náð sambandi við: *Fyrsta athuganasólhverfi*, og orðlengi ég svo ekki um það meira að sinni.

Stilliáhrif. Sérstök stilliáhrif til þessa draums ætla ég vera Sveini komin frá Úlfsstöðum. Þorsteinn aldraði kvað hafa verið að þrá miðilsfund mikið nú nýverið, og verið þá með Svein í huga. Einnig var fjölmennt þar á bænum þá um helgina og létt yfir fólkinu, og ýmsir minntust á Svein. Á mánudagsnóttina eftir þetta dreymir Svein drauminn, án þess að hafa talað við nokkurn í síma áður.

Þorsteinn Guðjónsson:

Ágætastur allra Ítala

Von er á Cossiga, Ítaliuforseta, (forsætisráðherra Ítala), hingað til lands og vaknar þá sú spurning hver hafi verið ágætastur þar í landi fyrr og síðar, allra manna.

Margir voru þeir sem „meitluðu sinn svip í ásýnd heimsins“, en þó tel ég einn bera af. Það er sá sem uppgötvaði alheiminn.

Brúnó skildi fyrstur óendanleikann, að til væru aðrar sólir, önnur sólhverfi, tók fram ótal atriði, sem síðar urðu að mælinganiðurstöðum, og var ekki í vafa um að alheimur væri heimkynni lífs en ekki ólífs.

Það hefur sannast, að Galileó hafði flest það sem mest er um vert, frá Brúnó, en minntist ekki á það, og lá honum það þó fæstir.

Goðsögnina um hindina — sem veiðimaðurinn eltir í skóginum og verður sjálfur að bráðinni um leið og hann fellir hana (Jónas Hallgrímsson orti eftir þessu), endurvakti Brúnó á Vesturlöndum og lifði eftir henni.

Meiri maður en Michelangelo og Sesar, djarfari en Garibaldi, betri en allir páfar samanlagðir, vitrari en Cicero, Seneca og Leonardó, var berfætti vitringurinn frá Nóla, sem lagði upp í háskaför um Evrópulönd árið 1576, og lifði allt af nema endurkomuna til fósturjarðar sinnar sautján árum síðar.

Þegar þeir jarðarmennirnir voru að búa sig undir brennumorðið hræðilega 17.2. 1600, þar sem voru saman komnir helstu höfðingjar Suður-Evrópu, kirkjulegir og veraldlegir, þá sagði hann þeim, að gneistaflugið mundi bera sál sína til þeirra veralda, sem skínandi blasa við hvers manns augum.

Enn í dag er séð til þess, að allur þorri manna nái ekki fram til skilnings á þessum einföldu hlutum, sem Brúnó

uppgötvaði og allir hafa sannir reynst. Nafni hans er útrýmt úr fræðibókunum og settar blekkingar í staðinn.

Og ekki aðeins úr nýjum bókum, heldur er nákvæmar að unnið. Hafa menn reynt að fá bækur hans til láns eða lestrar á bókasöfnum? Ef til vill er það einhversstaðar hægt, en ekki víða. Þær „hverfa“ og þar er Landsbókasafn Íslands ekki undanskilið. (Hafa menn í svörtum kuflum verið á kreiki?)

Mbl. 4.5. 1991



Giordano Brúnó.

Myndin er fengin úr bókinni: „Man and the Cosmos“ eftir Gerald E. Jauber.

Garðar Olgeirsson:

Hinn þekkti og hinn óþekkti hluti alheimsins

I. Draumur

Ég ætla að segja frá draumi sem mig dreymdi aðfaranótt hins 19. apríl. Það er nú meir til gamans gert heldur en í nafni vísindanna, en að vísu finnst mér þetta einn af mínum merkari draumum.

Mér fannst að ég fengi pakka með rituðum skjölum í, frá Ingvari Agnarssyni. Varð ég glaður við, því þaðan er oft fróðleiks von. Opna ég pakkann og þar er í ein geysistór mynd af alheiminum. Var hún á stærð við lak, og sýndi bæði þann hluta alheimsins sem nú er þekktur, og einnig það sem enn er óþekkt, og var það langstærsti hluti myndarinnar. Setti ég myndina upp á vegg og fór að athuga hana nánar. Var henni skipt í marga hluta, og var hver með sínum lit eins og landabréf. Hinn þekkti hluti alheimsins var blár, en aðrir voru grænir, rauðir og gulir. Nokkurn spöl frá hinum þekkta hluta alheimsins var álíka stór dumbrauður kringlóttur blettur. Það var rauður risi. (Ég sendi hér með riss af þessu eins og það kom mér fyrir sjónir.)

Nú skipti um svið, og næst er ég á ferð akandi ásamt Halldóri Gestssyni, og við erum að fara út úr hinum kunna hluta alheimsins til að kanna hvað sé þar utan við. Á milli hins þekkta og óþekkta var bygging nokkur eða hús, sem við þurftum að fara gegnum. Í húsi þessu var drasl ýmislegt og dót, svo að nær tók í mitti. Urðum við að aka ofan á því öllu. Þarna var líka á kreiki afgangall karl, langur og mjór og hrumur, svo hann var vart sjálfbjarga. Gætti hann hússins.

Vissi ég óðar að þarna var tíminn sjálfur í mannlíki.

Þegar við höfum brotist á bíl okkar svo sem hálf leið gegnum húsið, sáum við bók eina mikla liggja ofan á drasl-

inu. Voru spjöld hennar á stærð við meðal eldhúsbörð. Kom nú fræðimaðurinn upp í Halldóri, og vildi hann óður taka bókina með í för okkar. Ekki vissum við um hvað efni hennar var, en töldum óvíst að við mættum hirða hana. Bárur við það undir karlinn afgangla, en hann sagðist ekki geta né vilja koma í veg fyrir það, því hann væri eins og sjá mætti til alls ónýtur og væri nú að verða búinn að gegna hlutverki sínu.

Tókum við bókina og komumst nú út gegnum dyr á hinum enda hússins, og út í hið óþekkt. Ókum við nú út á svæði sem enginn hafði vitað af. Voru það malareyrar nokkuð mishæðóttar, og okkur til furðu var þar braut eða slóð sem hafði verið farin áður. Mjög lágskýjað var þarna og þoka, og skyggni lítið. Héldum við af stað eftir slóða þessum og fórum hægt. Var nú líka kominn í mig kvíði vegna þess að við vissum ekki hvað við tæki. Endaði svo þarna draumurinn.


Ég fór að hugsa um, hvort að tími sá, sem okkur er ætlaður hér á þessari plánetu, væri að renna út. Allavega fannst mér vera ástæða til að skrifa þetta niður. Þó er óvíst að úr því hefði orðið, ef ég hefði ekki ákveðið skyndilega að senda þetta til þín.

Dreymt 20.4. 1991 (Úr bréfi til Þ.G.)

II. Umsögn um draum Garðars

Garðar Olgeirsson sendi mér ofanritaðan draum ný-dreymdan, en eins og kemur fram í niðurlagi hans, væri óvíst að draumurinn hefði skráður verið ef dreymandanum hefði ekki komið í hug, að mér mundi þykja fengur að því að fá hann. Því fór hann líka nærri, og kemur þá til mín að gera grein fyrir skilningi mínum á þessum draumi.

Þar er nú fyrst til máls að taka, að þegar talað er um alheiminn, þá skal jafnan átt við eitthvað sem er óendanlegt. Þessi hugsun, sem vakin var af vitringunum Nikulási af Kúsa á 15. öld og Giordanó Brúnó á 16. öld, vann jafnt og þétt á í Evrópu, þangað til um miðja 20. öld, en þá voru



menn tilbúnir að skríða í pokann aftur. Ég hef fyrir mitt leyti aldrei látið mér til hugar koma, eftir að ég hugleiddi þessi mál vel á yngri árum, að alheimur gæti verið öðruvísi en óendanlegur. En hitt hefur mér líka verið vel ljóst, að sumar hugarstefnur 20. aldar, á þessari örð, hafa verið á ótrúlegasta hátt í átt myrkurs og miðalda, og frjáls hugsun átt undir högg að sækja meir en flesta grunar.

Samtímis þessu hefur það gerst, að tækniframvindan hefur fært mönnum furðulegan þekkingarauka á svo að segja hvaða sviði sem er. Það sem tapast hefur á hinu heim-spekilega sviði, má segja að hafi verið að nokkru leyti bætt upp með tækninni. Þegar ég les greinar um stjörnufræði, beygi ég mig jafnan til hálfis undir jarðar-okið, ímynda mér að alsprynghi hafi orðið „allra fyrst“, viðurkenni að ekki - *megi* hugsa út fyrir þau takmörk sem ystu ljósmerki setja, trúi því, að geimurinn sé „svartgötóttur“ hér og hvar o.s.frv. Ég hristi svo af mér þessar fírrur, þegar ég lít upp. Einnig geri ég mig stundum nægjusaman og lítillátan, læt mér

nægja að „alheimurinn sé eitthvað stærri en hingað til hefur verið álitid“, og gleð mig við það þegar einhverjum tekst með skýrum dæmum að seilast út fyrir þau takmörk sem sett höfðu verið. Þannig var til dæmis um Aðdráttarsveipinn mikla (The Great Attractor), sem uppgötvaðist fyrir 2—3 árum: þar kom fram að á vissu geimsvæði gætir áhrifa frá einhverjum gífurlega sterkum aflsveip, sem örugglega er að mestu utan þeirra marka, sem ljósboð berast frá (en það mun nú vera talið um 10—15 milljarða ljósára frá okkur).

En víkjum nú að draumi Garðars. Garðar er með bestu draum-heimildarmönnum, og hann er áhugamaður um stjörnufræði og notar heima-stjörnusjónauka; ýmislegt verður til að skapa honum þvílíkt stilliumhverfi, að hann geti dreymt drauma af þessu tagi. Í þessum draumi er hann þó ekki að horfa til himins, heldur er hann með kort af alheiminum. Og á því korti kemur fram, ljóst og skilmerkilega, að hinn þekkti hluti alheimsins, sé aðeins lítill hluti þess sem stærra er, og síðan segir:

„Nokkurn spöl frá hinum þekhta hluta alheimsins var álíka stór dumbrauður, kringlóttur blettur. Það var rauður risi“.

„Rauðir risar“ er reyndar heiti, sem haft er um sérstaka tegund stórstjarna, og getur ekki verið um neitt slíkt að ræða þar sem draum-himinkort þetta er, heldur svarar lýsingin einmitt mjög vil til hins Mikla Aðdráttarsveips, sem fundist hefur, og telur kvaðtrilljónir fremur en billjónir stjarna. Draumurinn mætti þá vera frá draumgjafa, þar sem líf er á svipuðu stigi og hér, og þar sem einnig hefur fundist hið „Mikla aðdráttarsvið“.


Skal nú snúid að síðari hluta draumsins, sem ófað er samband við annan draumgjafa en fyrri hlutinn („nú skiptir um svið“) og kemur þá fyrst til athuganar hið mótsagna- og firrukennda, sem einkennir suma drauma. Þegar vitundin er jafn óvirk og í draumi gerist, leiðréttir hún sig ekki, eins og hinn vakandi hugur gerir, og er fróðlegt að sjá hvernig leifar af áhrifamikilli hugsun úr hinum fyrri draumi, þvælast þarna um í samhengi þar sem þær eiga alls ekki heima.

Enda víkja „mörk hins þekkt og óþekkt hluta alheimsins“ þarna brátt af hólmi. Atburðarásin er í hinum síðari draumi ósköp hverdagsleg: menn að brjótast um á farartæki ógreiðfæra leið, og „malareyrar nokkuð mishæðotta ...lágskýjað og þoka, og skyggni lítið“ — En þá fara að bætast við óvæntir þættir: tíminn sjálfur í mannlíki, að þrotum kominn, og hin afarmikla Bók. Þarna fær draumurinn á sig spádómsblæ, og má vera að einmitt það hafi ýtt svo við mínum góða kunningja Garðari að láta verða af því að skrifa drauminn og senda mér hann. Það er ekki heldur fjarri mér að „taka mark á“ þessum draumi á þann hátt. Hann er í beinu framhaldi af draumi um vísindalegt efni. Mér virðist á þessum draumi, þó að aðalsambandið sé mjög hversdagslegt, að þar gæti áhrifa æðri meðvitundar, en slíkar eru það sem skapa mönnum aðvaranir og ábendingar. Það sem hin æðri vitund væri þá að vísa til, væri það, að nú sé komið að úrslitum og lokum tímans hér á jörðu, og að Bók sé í vændum. Þessi hugsun fylgir Garðari líka yfir í vökuna.

Skyldi nú vera allt um þrotið. Ekki er það alveg víst, því að stór og mikil bók — sex bindi — á nú að fara að koma út. Við endamörk þróunarinnar á þessari jörð gefst mönnum enn færi á að átta sig, og taka þá leið sem sumir hnettir taka — framhjá því að farast. *Bók* mun vissulega koma út.

P.G.

Sólnamor



Deplarnir hvítu á himni — leiftrandi sólir í milljónatali.

Þorsteinn Guðjónsson:

Um Völuspá

Um Völuspá hefur það verið sagt að hún sér frægasta kvæði, sem ort hefur verið á Norðurlöndum, fyrr eða síðar Ræður það af líkindum, að margt hafi verið um hana ritað, sumt af því af snilld og vizku, og er í því sambandi ekki mikið á sig lagt að nefna Völuspárabók Sigurðar Nordals, því sú tilnefning hefur allra fylgi, og það með réttu. En hinu átti ég naumast von á, að heyra skemmtilegar og áhugaverðar umræður um þetta sama kvæði í sjónvarpi íslenska ríkisins á árinu 1987. Gísli Sigurðsson bókmenntafræðingur atti þar kappi við frk. Helgu Kress, á vettvangi þeim sem nefndur er Geisli, og hafði hann í öllum höndum við sér mun eldri og reyndari manneskju og gefur þetta ekki alllitla vonir um æskuna.

Um það, hvort Völuspá sé ort af karlmanni eða kvenmanni, mætti margt færa fram, hvort sem það nægði til úrskurðar eða ekki, enda ætla ég ekki að reyna slíkt hér. En hitt þykist ég vel geta reynt, að sýna fram á, í dálítið sérstöku ljósi, hvers eðlis það er, þegar farið er að tala um **völvuna í kvæðinu**. Það er alls ekki sjálfgefið, eins og sumir virðast ætla, að þar sem minnst er á völvu, sé skáldið að tala um sjálft sig. Slíkt nær raunar engri átt. Völvur voru jafnan spákonur, en hátterni þeirra er vel lýst af frásögninni af Þorbjörgu lítilvölvu í Grænendingasögu. En allt það sem fannst í mannheimi átti sér hliðstæðu í heimum goða, álfa og undra. Einnig þar voru völvur að starfi, og til þeirra leitað. Má til samanburðar nefna kvæðið Gróugaldur (Fjölvinnsmál), þar sem enn berar kemur í ljós að leitað er til framliðinnar konu þegar mikið liggur við. Nöfnin - **Völuspá** og **Gróu-galdur** eru hliðstæð og fela það sama í sér.

En þar sem kvæðið hefst á orðunum „Hljóðs bið ek“ og síðan segir í annarri vísu: „Ek man jötna...“, þá er það ekki skáldið sjálf, sem á það „ég“ heldur hin látna völva, sem yrkir gegnum skáldið. Þetta sést betur, þegar þessari „ég-tilfinningu“ er fylgt út gegnum kvæðið. Sú tilfinning verður ýmist veikari, og þá segir kvæðið „hún“ um völvuna („hon“), sbr. „sal sér hon standa“ eða „Veit hon Heimdallar, hljóð of fólgið“, en þegar sambandið verður sterkara og tilfinningamagnið ákafara, kemur jafnan fram Ek: „Ek sá Baldri... örlög fólgin“.

Eða með öðrum orðum, skáldið, sem segir „hún“ og talar þannig í þriðju persónu um völvuna, er ekki hún sjálf. En þegar Ek kemur fram, eru þau bæði orðin að einni persónu, **lífstarfsleiðslan** komin á mjög hátt stig, og er þar á verki hinn svonefndi furor propheticus; óðsnilld, skáldaflug, sem hrífur skáldið með hinni fullkomnari veru, sem innblæs hann (samanber kvæðið Leiðsla eftir Matthías Jochums-son).

Þarna er um að ræða eitt hið allra merkilegasta einkenni á hinu óviðjafnanlegasta kvæði. Jafnvel Dante kemst hvergi á þetta stig í Himinhendum sínum (Divina comedia) og ekki heldur hann Egill okkar Skallagrímsson, sem er bara að tala um sjálfan sig á okkar jarðnesku og hversdagslegu vísu þegar hann segir Ek (ég), og er þó út af fyrir sig merkilegt, hvernig hann segir það.

Þessu má ekki gleyma, þegar verið er að minnast á Völuspá, og er spurningin um kynferði höfundarins óháð þessu. Höfundur gæti þess vegna verið hvort sem er, karlmaður eða kona, en það er hin framliðna Völva sem hefur innblásið skáldið, sennilega á sambandsfundi skömmu fyrir kristni-töku, og þykir mér þar tilgáta Sigurðar Nordals um Haga á Barðaströnd síst ólíklegri en annað — nema Þingvelli og Öxará mætti einnig nefna.

En þó að óvissa sé enn um slíkt landfræðilegt atriði og um höfundinn er enginn vafi um innblásturinn og eðli hans, og njótum við þar að fræðimanns, sem jafnvel enn lengra komst en Sigurður Nordal í skilningi sínum á eðli manns og

lífs, en það var Helgi Pjeturss, — eini maðurinn sem hefur á fullnægjandi hátt borið saman Völuspá okkar og Opinberunarbók Biblíunnar — en þau tvö rit eru vissulega hliðstæð.

Mbl. 13. 03. 1987.

Katrín Sólbjartsdóttir:

Nýdáinn maður birtist (Sýn)

Þegar ég bjó á Sílalæk, þá var þar kona sem hét Auður. Hún var gift og hét maður hennar Þorgrímur. Hann vann þá á Siglufirði um þetta leyti. Svo fluttu þau í Laxamýri. Þar voru þau nokkur ár með syni sína tvo.

Þá var ekki almennt kominn sími á bæi, svo maður fékk ekki fréttir, nema ef einhver var á ferð.

Svo var það eitt sinn að ég þurfti að fara fram í gamla bæinn. Ég fór niður stiga og er ég stíg í neðsta haftið í stiganum, þá kemur Þorgrímur beint í fangið á mér. Mér varð hverft við og hleyp til baka. Ég stansa svo innan við hurðina. Kona, sem þarna var kom til mín, tekur í mig og segir:

„Er þér illt. Þú ert náföl, hvað er að“.

„Ekki neitt“ svara ég, og sagði henni aldri frá þessu, því hún var svo myrkfælin. Ég sagði svo tengdamóður minni frá þessu og henni brá. Svo gerðist það, að maður kom seint þennan sama dag og sagði þá frétt, að þessi Þorgrímur hefði dáið um morguninn.

Ingvar Agnarsson:

Miðilssambönd

eru fjarsambönd milli hnatta

(Frásögn af skyggnilýsingarfundi og tilraun til náttúrufræðilegrar skýringar.)

Öll miðilssambönd eru fjarsambönd milli hnatta en ekki heimsóknir anda úr andaheimi.

I.

1. Voru hér líkamslausir andar?

Ég var á fjölmennum miðilsfundi (skyggnilýsingarfundi) hjá frægum miðli fyrir mörgum árum. Fundurinn fór fram í stórum sal í samkomuhúsi. Ljós voru höfð mjög dauf, svo menn sáu fremur óglögg.

Miðillinn lýsti því, hvaða menn framliðnir kæmu til vissra kvenna og karla víðsvegar um salinn, og hvernig þeir sönnuðu hverjir þeir raunverulega væru. Tókst það yfirleitt vel. Miðillinn gat að jafnaði nefnt nöfn hinna framliðnu, hvar þeir hefðu átt heima, hvað þeir hefðu starfað o.s.frv. Í flestum tilvikum könnuðust viðkímandi fundarmenn við ósjáanlega viðmælendur og fannst þeir hafa sannað nærveru sína.

Ekki efast ég um, að allt hefur þetta verið raunveruleiki: Hinir framliðnu sönnuðu sig að vera til þrátt fyrir dauðann.

En eitt fannst mér vanta á: Hinir framliðnu sögðu ekkert um núverandi líf sitt eða tilveru, ekkert um það, hvar þeir ættu heima, eða hvað þeir væru að fást við nú. Þeir sögðu aðeins, flestir, að þeim liði vel.

Hin spíritíska lífsskoðun fundargesta var hér allsráðandi. Það kom t.d. skýrt fram, að þeir héldu, að hinir framliðnu væru hér ósýnilegir mitt á meðal þeirra, ósýnilegir með öllu,

líkamalausir og því mállausir, nema að því leyti, sem þeir gátu notað talfæri miðilsins.

2. „Þarna kemur hann Ólafur á honum Grána sínum“

Sumar af lýsingum miðilsins voru dálítið skemmtilegar, eins og t.d. sú sem ég nú vil greina frá:

Framliðinn hafði stansað (að sögn miðilsins) hjá konu einni úti í salnum og var að tala við hana. Sá framliðni minntist t.d. á föður konunnar, sem löngu var farinn. Hann hafði átt heima í sveit, átt gott bú og m.a. góðan reiðhest gráan á lit. Þetta kom fram af tali miðilsins. Allt í einu segir miðillinn hátt og með auknum áhuga:

„Og þarna kemur hann Ólafur ríðandi inn í salinn á hinum Grána sínum, og stansar beint fyrir framan þig,“ (þ.e. fyrir framan konuna, sem verið var að tala við).

II.

3. Fjarsýn miðlisins til annars hnattar

Enginn þarf í raun að láta sér til hugar koma, að maður, þótt framliðinn sé, hafi komið ríðandi á hesti inn í þennan þéttsetna fundarsal og staðnæmst fyrir framan einn fundar-gesta.

Hin rétta skýring mun sú, að miðillinn er að lýsa því, sem hann sér í fjarsýn á öðrum byggðum hnetti, en eðlilega heimfærir hann þá staðhætti upp á fundarsalinn, sem hann hefur fyrir framan sig.

Það er hættulegur misskilningur að halda að andar úr andaheimi birtist og tali á miðilsfundum. Hið rétta er, að öll miðilfyrirbæri stafa af fjarsamböndum milli manna (ekki anda) sem heima eiga sinn á hvorum hnettinum.

4. Sambönd við ættingja


Á skyggnilýsingarfundum fær framliðinn maður sem heima á á öðrum hnetti í öðru sólhverfi, samband við eftir-

lifandi ættingja eða vin sem hér er staddur, og með aðstoð hins næma miðils tekst honum að koma broti af hugsunum sínum til viðkomandi ættmennis, og sanna fyrir honum hver hann er. Þetta er að vísu stórmerkilegt fjarsamband, milli stjörnunnar Jarðar og stjörnu hins framliðna, þótt ljósára-fjarlægð aðskilji. Báðir eru mennirnir, sem skiptast á hugsunum jafn-líkamlegir, jafn-efniskenndir, þótt heima eigi sinn á hvorum hnetti, sinn í hvoru sólhverfi.

5. Nauðsyn bættra lífsambanda

Hér vantar aðeins á, að hugsanaskipti þ.e. lífsambönd væru fullkomnari en raun ber vitni. Og það sem hér er einn aðal-þrándurinn í götu er sá misskilningur að framlífið sé eingöngu andlegt en ekki líkamlegt. Og meðan sá misskilningur er ráðandi, er ekki að búast við framförum í samskiptum milli burtfluttra og eftirlifenda, milli þeirra sem liðið hafa fram til fjarlæggra framlífsstjarna og þeirra frumlífsmanna, sem byggja þessa jarðstjörnu okkar.

Lítum til himins



Hvert sem lítið er, blasir við augum óþrjótandi mergð lítilla hvítra depla, sem hver um sig er sólstjarna, leiftrandi í víðáttum geimsins.

Jónas Hallgrímsson:

Arnarfellsjökull

Uppi undir Arnarfelli,
allri mannabyggð fjær,
— það er eins satt og ég sit hér —
þar sváfu Danir í gær.

Og er þeir fóru á fætur,
fengu þeir eld sér kveikt,
og nú var setið og soðið
og sopið og borðað og steikt.

Ókunnugt allt er flestum
inni um þann fjallageim.
Þeir ættu að segja oss eitthvað
af Arnarfellsjökli þeim.



Arnarfell í Hofsjökli.

Giordanó Brúnó:

Upp, upp, mín sál...

Hver hefur þennan léttu væng mér léðan,
lýst mína önd, svo geti ég farið héðan
hlæjandi að dauða og döprum nauðum jarðar,
dýflissu og kvölum, eftir þíslir harðar?

Tímarnir, árin, árstíðir og dagar,
allt líður hjá, og tímans tönn hún nagar
stál bæði og járn, en sál mín frjáls skal sveima
sólheima til og jarðlífinu gleyma.

Hef þú þá, önd mín, hugarvængi þína,
hræðast ei þarftu nokkurt kristallshvel;
veröldin opin æ mun við þér skína!

Fljúg þú þá burtu. Far þú, jarðlíf, vel;
fýsnum og girndum skal hér öllum gleyma.
Upp, upp, mín sál til æðri, fegri heima!

Úr Sögu mannsandans — V. bindi, eftir Ágúst H. Bjarnason.

Heimkynni lífs



Á milljónaskara stjarnanna eru bústaðir lífsins og hvergi nema þar.

Svifið yfir eyðibýli

á Sléttumannalandi annars hnattar

Draumur

Ég svaf vært í rúmi mínu og mig var að dreyma. Ég þóttist svífa í lofti, eigi allhátt yfir jörðu. Ég veitti veðrinu nokkra athygli. Bjart var af degi, en himinn alskýjaður. Ég hafði á tilfinningunni að hér væri algjört logn og að hér rigndi aldrei, og einnig að hér væri ávallt sólarlaust og drungalegt. Hér var samt ekki mistur eða þoka nálægt jörðu því ég gat greint landið alllangt í burtu. En hvert sem ég renndi augum var landið alls staðar slétt að heita mátti.

Það virtist grasi gróið eða öllu heldur, eins og allt væri þakið ljósgráum mosa. Allt var ákaflega eyðilegt að sjá. Hvergi sáust tré, eða neinn stórvaxinn gróður. Hvergi sá ég heldur neitt fólk á ferli eða nein dýr.

Loks kom ég að lítilli þyrpingu húsa. Sveif ég upp yfir þau og athugaði útlit þeirra. Þetta voru torfhús, ekki mjög ólík þeim, sem algeng voru á Íslandi fyrrum. Þó voru veggir mun hærri og húsaskipan með öðrum hætti, því hér stóðu nokkur hús sambyggð utan um lítinn ferhyrndan húsagarð. Þök húsanna voru grasi- eða mosagróin, nokkuð brött og hölluðust frá mæni út til beggja hliða.

Ég svipaðist um eftir einhverjum íbúum en ekkert kvikt var þarna að sjá. Það var líkast því sem þessi bær hefði lengi verið í eyði.

Ég lét mig síga hægt niður á milli húsanna, yfir ferhyrnda svæðinu, greip með höndunum í veggbrún eins hússins og hugðist athuga nánar þessa byggingargerð.

Svifkrafturinn þvarr (eða ég lét hann þverra). Það var ákaflega einkennileg tilfinning, er svifkrafturinn hvarf svo

skyndilega úr líkama mínum. Eins og hendi væri veifað var hann allt í einu horfinn, en í staðinn varð ég nú að beita miklu afli handa og handleggja til að halda mér þarna efst í veggbrúnina, og ég fann svo greinilega hvernig ég hékk þarna með öllum þunga mínum.

Ekki hef ég fyrr, í svifdraumum mínum, fundið svo skyndilega breytingu, rétt eins og svifkrafturinn væri eitt-hvað sérstakt eða nær áþreifanlegt, sem ég losnaði við, sem raunverulegt afl, er yfirtæfi líkamann, eða gengi út frá honum.

En veggbrúnin reyndist ekki þola þetta átak eða þennan þunga. Sprunga kom í vegginn að ofan og allstórt moldarstykki sprakk frá og hrundi niður. Ég datt auðvitað um leið, og tókst að koma standandi niður. En moldarhnausar úr veggnum og gras- eða mosatætlur lentu á mér að nokkru leyti, og rykmökkur þyrlaðist upp. Það var eins og allt væri hér svo gegnþurrt, eins og regn eða væta hefði ekki fallið hér langtímum saman.

Ég bjó mig nú undir að svífa upp úr þessari djúpu kvos, á milli torfveggjanna, og ég eins og safnaði kröftum til þess að gera mig færán til þess. En í því ég var að spyrna mér frá jörðu vaknaði ég skyndilega, og draumurinn var þar með á enda.

II.

Draumur þessi minnir mjög á tvo drauma, sem mig dreymdi fyrir nokkrum árum. Skrifaði ég þá upp. Þann fyrri kallaði ég „Svifið yfir Sléttumannaland“ dreymdur 6. febrúar 1980 og birtist í Lífgeislum bls. 135 í 24. hefti 1979. Þann síðari kallaði ég „Enn svifið yfir Sléttumannaland“ dreymdur 6. apríl 1980 og birtist í Lífgeislum bls. 99 í 33. hefti 1981.

Öll einkenni í landslagi þessa nýja draums minna óneitanlega á sams konar staðhætti og í fyrrgreindum tveim draumum: Eyðilegt sléttlendi með lágvöxnum gróðri, sem varla er gras heldur fremur mosi, sem lengi hefur orðið að þola þurrk og vatnsleysi.

Í öllum þessum þremur draumum er loft að vísu bjart, en skýjað og dumbungslegt.

Í draumunum öllum, getur draumgjafi minn svifið, og hann virðist vera í einhvers konar könnunarleiðangri yfir landssvæði sem honum er lítt eða ekki kunnugt áður.

Sameiginlegt einkenni í þessum draumum er og það, að allar byggingar, sem draumgjafi minn skoðar, eru gerðar úr torfi.

Í fyrri draumunum tveim, sér draumgjafi minn fólk við þessa bæi eða í nágrenni þeirra og sumt er að fást við einhver störf. En í þriðja drauminum er engan mann að sjá og ekkert kvikt.

Áreiðanlega er hér um annan hnött en okkar jörð að ræða. Um það vitnar svifgeta draumgjafa míns.

Á þessu svæði hnattarins nýtur að vísu dagsbirtu, en loft er þungbúið. Hér er e.t.v. ávallt logn og sífelldur þurrkur, þótt sólarlaust sé, og því mun æðri gróður eiga erfitt uppdráttar, aðeins mosar og annar slíkur lággróður, mun geta þrífist.

Á þessu landssvæði mun mannabyggð hafa verið mjög strjál, og líf fólksins fábreytt og frumstætt og vera kann að nú sé allt að fara hér í auðn ýmist af eðlilegum dauðsföllum eða að fólkið flytji héðan, til þeirra hluta hnattarins sem byggilegri eru, vegna síversnandi lífsskilyrða hér.

Hinn svífandi draumgjafi minn í þessum draumi, gæti verið kominn frá öðrum stöðum þess sama hnattar en einnig væri hugsanlegur sá möguleiki að hann hefði komið hamförum frá öðrum hnetti, og líkamast þá hér um stundarsakir til að kanna ástand þessa hnattar og lífið á honum.

Ég veit, að þessar hugleiðingar mínar eru að vísu ekki byggðar á nægilega traustum grunni, en þó finnst mér að þessir þrír draumar, sem um er getið gefi nokkurt tilefni til þeirra.

Ingvar Agnarsson
(Dreymt 9. janúar 1986)

(Sjá til samanburðar hliðstæða drauma í Lífgeislum nr. 24 og 33)

Fyrir miðilsmunn 13. 8. 1990.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Baldur.

Baldur.

Æsir og Ásynjur margar hér er til ykkar senda hug og mátt langan veg. Það eru milljónir ljósára er aðskilja vetrarbrautir okkar mjög margar en samt skynjum við til ykkar hnattar og beinum guðaorku mikilli til ykkar hnattar, mannkyns alls og frumlífsjarða annarra ýmsra er á svipuðu stigi standa um þroska og mátt.

Það er hin guðlega orka sem þarf að ná tökum á hugum og líkömum frumlífsmannkynja á öllum þeim ótölulega fjölda frumlífshnatta er á útjaðri vitheims eru enn og guðirnir beina í vaxandi mæli krafti til jarðar ykkar.

En Ísland er aflstöðin sem við eflum og þaðan mun gæta vaxandi orkuáhrifa um jörð alla ef tilraun þessi tekst eins og til er stefnt. Nú mun mannkynið geta tekið stefnuna til lífsins ef þegin verða íslensk vísindi og þekking.

Alheimslíffræðin, stjörnulíffræðin, sem fyrst er á Íslandi fram komin, mun megna að stilla hugina til guðasambanda ef þegin verða og þann kraft mun mannkynið þegið geta af guðunum er mun breyta jörðinni í heimkynni farsældarinnar og fegurðarinnar.

Ég get veitt Íslendingum fjarskynjun á hærra stigi en þekkt hefur á jörðu áður ef menn vilja hana þiggja af viti og góðri greind.

Þakka fyrir.

Verið sælir.

Gunnar Hjörvar (ritaði eftir segulbandsupptöku).

Fyrir miðilsmunn 2. 4. 1990.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Brandes.

Brandes.

Íslendingar, komið sæl og blessuð.

Jæja, Brandes hinn danski, fræðimaður á sinni tíð. Mér þykir mikilsvert að fá tækifæri til að tala fáein orð hér af öðrum hnetti og láta í ljós álit á ykkar málum og þjóðinni íslensku, er ég tel merkasta Norðurlanda-þjóðanna.

En ekki er ég með þeim orðum að telja hana alfullkomna þó. En engin þjóð á jörðu er auðvitað alfullkomin, fjarri því. En þjóðirnar hafa hver um sig nokkuð til síns ágætis. Ber á það að líta fremur en hið gagnstæða, þó ekki sé horft fram hjá því heldur.

En nú eru Íslendingar ekki fjölmenn þjóð. Enn fjölmennari þjóðir en Íslendingar eru margar til á jörðinni. En þó án þess að þær hafi átt slíka afreksmenn sem Íslendingar hafa átt ýmsa um ýmis þau málefni, er miklu varða og það eru bókmenntir, sem ég hef í huga, málið og vísindin, er þessi þjóð hefur til síns ágætis fram yfir margar miklu fjölmennari þjóðir jarðar.

Og það er ekki að ástæðulausu, að ég vek hér máls á þessu, því þetta er mannkynssagan, sem er um að tala, hluti af henni og skilningur á mannkynssögunni er það, sem hefur vantað svo mjög, nógu fullkominn skilningur.

Hver þjóð er þáttur á sinn hátt í sögu mannkyns alls, (hefur) sitt hlutverk, sem þýðingu getur haft fyrir aðrar þjóðir og það ekki litla þýðingu. Og ég vona, að ég engan styggi, þó ég segi, að Íslendingar geti haft hér meiri þýðingu en nokkur þjóð önnur á sviði vísindanna, heimspekinnar.

En það er merkileg tilhneiging mannsins að leita skilnings á tilverunni. Sumir telja þó, að mönnunum séu þó þar takmörk sett og komist seint eða aldrei til skilnings á innsta eðli tilverunnar og tilgangi. En þar held ég mönnum skjátlist hrapalega, því mannum er einmitt ætlað að komast til

skilnings á innsta eðli tilverunnar og tilgangi. *Án þess verður hann aldrei annað en api eða misheppnaður afkomandi apa.*
Þakka fyrir og verið sæl.

Gunnar Hjörvar (ritaði eftir segulbandsupptöku).

Fyrir miðilsmunn 16. 7. 1990.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Eggert Loftsson.

Eggert Loftsson.

Komið sælir.

Þetta eru margir stórkostlegir menn hér. Á mínum hnetti er ekki vesaldómur á neinn hátt, (ekki) neinar mannleysur, heldur manndómur, hreysti, kraftur (og) þor, sem er ein-kennandi mjög í fari manna og framkomu allri og slík afburðarskarpskyggni á allt mögulegt. Mjög er undravert, hveru eru — (spóluskipti). En áreiðanlega er það *arfurinn frá forfeðrunum og viðleitni manna að athuga og rannsaka náttúruna og mannlífið* af vitsmunum og þekkingu (og) góðri greind, að menn hafa öðlast andlegt atgerfi á svo háu stigi, sem raun ber vitni.

En með *samstillingu hugsananna* og breytninnar í rétta átt, hefur hér samorkan aukist og sambandsorkan og magnanin margeflst, hin guðlega magnan. En hér er aflsvæði hið öflugasta og samband við guðina undravert og hér getur hver af eigin reynslu talað guðlegu viti og vitað hug guðanna. Möguleikar í þeim efnum eru stórkostlegir hér. Ljóminn yfir lífinu er dásamlegur, æðri birta einhver og ljómi og fegurð.

Það er sem menn hafi ummyndast og *líkist guðunum meir og meir í útliti og innræti*. En vissulega er með því mikið sagt, hvernig lífi manna er háttað og högum. En um margt er lífið hér mun framar en lífið á ykkar jörð og má um það margt ræða seinna. En öll höfum við sama eðlið, það að *þrá fegurð og fullkomnun í æ stærri stíl og það eðlisfar manna er af guðlegum rótum runnið*.

Þakka nú fyrir og verið sælir.

Gunnar Hjörvar (ritaði eftir segulbandsupptöku).

Til lesenda Lífgeisla

(Um ástand jarðlífs og ráð til úrbóta)

Svo óheillavænlega horfir með ástand jarðarinnar, að hún mun óbyggileg verða öllu lífi áður en langt um líður, verði ekki gjörbreytt um stefnu og það án tafar.

Og hverju er hér um að kenna?

Framferði mannsins gagnvart lífríki jarðar. Frumorsök þessa ástands er að vísu ill áhrif frá helstefnumannkynjum annarra hnatta. Þau hafa frá upphafi vega flætt yfir lífheim jarðar, svo hér hafa komið fram spellverur ýmiss konar (t.d. rándýr) sem lífað hafa á að neyta annarra dýra. Og hér hefur maðurinn gengið lengst í yfirganginum, og því meir, sem tækni hans hefur þróast. Stórkostleg mengun er nú þegar farin að hrjá allt lífríki jarðar á láði, í lofti og í legi. Stórfelld eyðing skóga, eyðing súrefnis, eyðing ósonlagsins er á hraðri leið með að tortíma lífheimi hnattarins.

Enginn af forkólfum þjóðanna, hefur komið auga á þá einu leið, sem leitt gæti til varanlegrar björgunar mannkyns og lífsins í heild.

Enginn vafi er á því, að eina færa leiðin að þessu marki er sú, að án tafar yrðu tekin upp bætt og aukin sambönd við stórum fullkonnari lífheima annarra hnatta, þ.e. við lengra komin mannkyn annars staðar í geimi, þar sem öll stefna lífsins er á sannri fullkonnunarbraut. Og alveg er víst, að ekki mundi standa á hinum lengra komnu okkur til hjálpar. En víst munu þeir ekki geta komið hjálpinni fram sem skyldi, nema við sjálfir komum þar til móts. En til þess, að það sé unnt, verðum við að vita um tilvist hinna lengra komna.

Og nú hagar svo til á jörðu hér, að engin þjóð veit um þessa bjargandi möguleika, nema Íslendingar einir. Þeir eru eina þjóðin sem guðunum, þ.e. hinum lengra komnu íbúum annarra hnatta, hefur tekist að birta þau fræði og þann sannleik, sem hér um ræðir. Lágmarksþekking á þessu máli er það eina sem dugað gæti til bjargar hinu illa setta mannkyni okkar og þar með öllu lífi jarðar. Stóraukin líforka frá hinum lengra komu, verður að geta borist hingað okkur til bjargar, og til þess verðum við að vera okkur meðvitandi um hana og geta tekið á móti henni.

Íslendingum ber að gerast forgönguþjóð í þessu máli, því þeir, einir þjóða, hafa til þess öll skilyrði. Við verðum að reisa og starfrækja hér fyrstu stjörnu-sambandsstöð jarðarinnar og alveg er vafalaust, að brátt mundi þá taka að greiðast úr öllum þeim erfiðleikum og hættum, sem nú vofa yfir jörð okkar og lífríki hennar öllu.

Nýalssinnar hafa færi á að standa fremstir í flokki til stuðnings hinu mikla máli, gerast e.k. framvarðasveit hinnar komandi framvindu lífsins á jörðu okkar. Hlutverkið er því ekki smátt.

Kæru félagar og áskrifendur Lífgeisla! Enn á ný óska ég þess að þið sendið ritinu hvers konar efni sem hentað gæði til birtingar, svo sem: Greinar, drauma, ljóð, frásagnir ýmiss konar o.m.fl.

Verið svo kært kvódd.

*Fyrir hönd Lífgeisla og Félags Nýalssinna,
Ingvar Agnarsson.*

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hönd Félags Nýalssinna, Álfrólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

| | | |
|--|------|----------|
| Risasólin rauða og bjarta sólin bláa. (sjá forsiðumynd og aðra á innsíðu) I. A. | bls. | 74 |
| Á miðilsfundi árið 997. Þorsteinn Guðjónsson | ” | 75 |
| „Alspryngið“. Þorsteinn Guðjónsson | ” | 77 |
| Leitin að uppruna alheims (með mynd). Jón P. Haraldsson | ” | 78 |
| Konan fagra og lífmagnaða (með mynd). Þórður frá Dagverðará | ” | 81 |
| Stefna lífsins og réttur draumskilningur (með mynd) I.A. | ” | 82 |
| Glæta í myrkri (Framhald greinar í 66. hefti Lífgeisla). Þorsteinn Guðjónsson | ” | 84 |
| Ágætastur allra Ítala (með mynd af Giordanó Brúnó). Þorsteinn Guðjónsson | ” | 86 |
| Hinn þekkti og hinn óþekkti hluti alheims (með mynd). Garðar Olgeirsson | ” | 88 |
| Umsögn um draum Garðars. Þ.G. | “ | 89 |
| Um Völuspá. Þorsteinn Guðjónsson | ” | 93 |
| Nýdáinn maður birtist (sýn). Katrín Sólbjartsdóttir Miðilssambönd eru fjarsambönd milli hnatta. Ingvar Agnarsson | ” | 95 96 |
| LJÓÐ: | | |
| Arnarfellsjökull (með mynd). Jónas Hallgrímsson . | ” | 100 |
| „Upp, upp, mín sál..“ Giordanó Brúnó | ” | 99 |

DRAUMAR:

| | | |
|--|---|-----|
| Sviðið yfir eyðibýli á Sléttumannalandi. I. A. | ” | 101 |
|--|---|-----|

SAMBANDSFUNDIR:

| | | |
|--|---|-----|
| FYRIR MIÐILS MUNN. Miðill: Sveinn Haraldsson Ritari: Gunnar Hjörvar | | |
| Baldur (Hinn bjarti Ás) | ” | 104 |
| Brandes | ” | 105 |
| Eggert Loftsson | ” | 106 |

MYR:

| | | |
|--|---|-----|
| Sólnamor (stjörnumynd) | ” | 92 |
| Lítum til himins (stjörnumynd) | ” | 98 |
| Heimkynni lífs (stjörnumynd) | ” | 100 |

ÝMISLEGT:

| | | |
|--------------------------------------|---|-----|
| Til lesenda Lífgeisla. I. A. | ” | 107 |
|--------------------------------------|---|-----|